



## Fréttabréf Dropans

október 2011

2. tbl. 15. árg.

### **Aðalfundur og fræðsluerindi sunnudaginn 30. október 2011**

Aðalfundur Dropans, styrktarfélags barna með sykursýki, verður haldinn sunnudaginn 30.október, kl. 16:00 í íþróttahúsi Setbergsskóla í Hafnarfirði.

#### **Dagskrá:**

Kl. 16:00

Berglind sálfræðingur á Barnaspítala Hringins flytur fræðsluerindi

Kl. 16:30

Aðalfundur Dropans, styrktarfélags barna með sykursýki

Venjuleg aðalfundarstörf:

1. Formaður les ársskýrslu
2. Lagabreytingar
3. Gjaldkeri leggur fram ársreikninga
4. Kosning formanns
5. Kosning til stjórnar
6. Önnur mál

Framundan eru breytingar á stjórn Dropans. Við hvetjum áhugasama félaga til að bjóða sig fram til stjórnarstarfa. Hálfдан formaður gefur ekki kost á sér til endurkjörs. Kosið verður til formanns á aðalfundi.

Þeir sem ætla að bjóða sig fram til stjórnarstarfa eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna það á [dropinn@internet.is](mailto:dropinn@internet.is)

Verum minnug þess að við erum jafn öflug og áhugi félagsmanna er hverju sinni.

Samkvæmt 5.gr. laga Dropans „skipa sex félagsmenn stjórn félagsins, fjórir í aðalstjórn og tveir í varastjórn“.

Fram er komin tillaga um lagabreytingu er varðar 5.gr. laganna. Lagt er til að stjórn félagsins verði skipuð sjö félagsmönnum, fimm í aðalstjórn og tveimur varamönnum.

Kl. 17:00

Veitingar í boð Dropans og almennt spjall.

Vegna veitinganna biðjum við ykkur vinsamlegst um að senda upplýsingar um fjölda þátttakenda á [dropinn@internet.is](mailto:dropinn@internet.is) í seinasta lagi fimmtudaginn 27.okt.

Bestu kveðjur,  
stjórn Dropans

[www.dropinn.is](http://www.dropinn.is)